

Leslisti vegna fyrirhugaðs hæfismats – Lífeyrissjóðir

Hæfismatinu er skipt í þrjá hluta, A, B og C hluta. A hluti varðar lög og reglur á fjármálamarkaði, B hluti varðar reikningsskil og endurskoðun á fjármagnsmarkaði og C hluti inniheldur almenna viðskiptalega og stjórnunarlega efnisþætti. Heimilt er að hafa eintök laga, reglugerða, reglna og leiðbeinandi tilmæla meðferðis og styðjast við minnisatriði eftir því sem við á. Óheimilt er þó að lesa upp svör við þeim atriðum sem nefnd verða.

A hluti: Lög og reglur á fjármálamarkaði

Í A hluta er leitað eftir þekkingu viðmælanda á starfsemi lífeyrissjóða almennt ásamt þekkingu á starfsemi viðkomandi sjóðs sem viðmælandi veitir forstöðu. Ætlast er til að viðmælandi hafi víðtæka þekkingu á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Viðmælandi þarf einnig að hafa góða þekkingu á öðrum lögum sem tengjast starfsemi lífeyrissjóða m.a. lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingarsjóði, lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

I.Eftirfarandi eru þær réttarheimildir sem spurningar A hluta byggjast á:

Lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða

- Reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða
- Reglugerð um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingarvernd nr. 698/1998 ásamt síðari breytingum (nr. 009/1999)
- Reglugerð um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 391/1998 ásamt síðari breytingum, (nr. 742/1998, nr. 224/2001, nr. 698/1998, nr. 293/2003, nr. 961/2006, nr. 615/2010, nr. 811/2016)
- Reglugerð um fjárfestingastefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignasparnaðar nr. 916/2009 ásamt síðari breytingum (nr. 591/2017)
- Reglugerð nr. 290/2009 um fyrirkomulag og eftirlit með tímabundnum útgreiðslum séreignarsparnaðar
- Reglur nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða ásamt síðari breytingum (reglur nr. 916/2015, nr. 644/2017)
- Leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2003 um túlkun og framkvæmd reglugerðar nr. 698/1998 um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingarvernd
- Leiðbeinandi tilmæli nr. 3/2010 um hæfi lykilstarfsmanna
- Leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2014 um upplýsingakerfi eftirlitsskyldra aðila.
- Leiðbeinandi tilmæli nr. 6/2014 um útvistun hjá eftirlitsskyldum aðilum

Stjórnarsýslulög nr. 37/1993

Lög nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingasjóði og fagfjárfestingsjóði

Lög nr. 88/2003 um ábyrgðasjóð launa

Lög nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti

- Reglugerð nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðssvik
- Reglur nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja
- Leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2012 um framkvæmd reglna nr. 1050/2012

Lög nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

- Reglugerð nr. 175/2016 um meðhöndlun tilkynninga um ætlað peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka
- Reglugerð nr. 811/2008 um einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla með tilliti til aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka
- Leiðbeinandi tilmæli 5/2014 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Lög nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi

- Reglugerð nr. 397/2010 um beitingu dagsekta og févítis í opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi
- Reglur nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt
- Reglugerð nr. 562/2001 um samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila
- Gagnsæisstefna Fjármálaeftirlitsins

Lög nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi

- Gjaldskrá Fjármálaeftirlitsins nr. 924/2017

Túlkunarreglur Fjármálaeftirlitsins

II. Dæmi um efnisþætti sem mikilvægt er að hafa í huga í A hluta (Upptalning er ekki tæmandi):

- Lágmarkstryggingarvernd og viðbótartryggingarvernd
- Starfsleyfi og starfsheimildir lífeyrissjóða
- Aðkoma Fjármálaeftirlitsins að breytingum á samþykktum, stjórn, framkvæmdastjóra, tryggingastærðfræðingi, endurskoðanda og eftirlitsaðila
- Tryggingafræðileg athugun á lífeyrissjóði og tryggingafræðilegt jafnvægi
- Stjórn og starfsmenn
- Fjárfestingarheimildir og fjárfestingastefna lífeyrissjóða

- Eignastýring
- Áhættustýring og innra eftirlit
- Yfirlit yfir skýrsluskil lífeyrissjóða til Fjármálaeftirlitsins
- Verðmyndun á skipulegum verðbréfamarkaði
- Meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja
- Viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga
- Aðgerðir lífeyrissjóða til að koma í veg fyrir peningabætti
- Eftirlitsheimildir og úrræði Fjármálaeftirlitsins

B hluti: Reikningsskil og endurskoðun á fjármagnsmarkaði

Í B hluta er leitað eftir þekkingu viðmælanda á reikningsskilum og endurskoðun. Ætlast er til að viðmælandi þekki lög um ársreikninga og reikningsskil lífeyrissjóða og endurskoðun.

I. Eftirfarandi eru þau lög og reglur sem spurningar B hluta byggjast á.

Lög nr. 3/2006 um ársreikninga (IX. kafli A Endurskoðunarnefndir)

Lög nr. 79/2008 um endurskoðendur

Reglur nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða

Reglur nr. 577/2012 um endurskoðunardeildir og sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila lífeyrissjóða

II. Dæmi um efnisþætti sem mikilvægt er að hafa í huga í B hluta (Upptalning er ekki tæmandi):

- Ársreikningar og endurskoðun
- Reikningsskil og reikningsskilastaðlar
- Kennitölur í lífeyrissjóðastarfsemi
- Endurskoðunarnefnd
- Áritun endurskoðanda
- Hæfisskilyrði endurskoðanda

C hluti: Almennir viðskiptalegir og stjórnunarlegir efnisþættir

Í C hluta reynir á sjálfstæði, dómgreind og viðhorf viðmælanda til almennra og persónulegra þátta. Viðmælandi má búast við að þurfa að taka afstöðu til raunhæfra dæma úr rekstri lífeyrissjóðs og færa rök fyrir eigin hæfi.

Dæmi um efnisþætti sem mikilvægt er að hafa í huga í C hluta (Upptalning er ekki tæmandi):

- Áhættumat, áhættustig og áhættustefna lífeyrissjóðs



- Samfélagsleg ábyrgð lífeyrissjóða
- Fjárstýring og eigna- og skuldastýring
- Ábyrgð stjórnenda lífeyrissjóðs
- Innri reglur sjóðsins
- Framvinda og nýjungar á fjármálamarkaði
- Mikilsháttar og óvenjulegar ákvarðanir

Fjármálaeftirlitið bendir á að finna má framangreindar réttarheimildir eftir atvikum á www.fme.is, www.althingi.is, í Stjórnartíðindum og www.reglugerd.is.